

## Verkferill vegna afturköllun skráningarheimilda

Endurskoðuðar reglur um skráningarheimildir sem samþykktar voru á fundi skráningarráðs 3. apríl 2025 kveða á um að:

*Ef skrásetjari skráir ekkert í þrjú ár eða lengur áskilur skráningarráð sér rétt til takmarka réttindi til bókfræðiskráningar í Gegni. Endurnýjun réttinda verður í samráði við skráningarráð hverju sinni. Skráningarráði er skylt að rökstyðja ákvörðun sína um endurnýjun eða synjun í hverju tilfelli.*

### Framkvæmdin verður á þessa leið:

1. Í tengslum við námskeið í bókfræðiskráningu verður heimild til skráningar afturkölluð hjá þeim skrásetjurum sem ekki hafa skráð í þrjú ár eða lengur.
2. Dregin út listi með þessum skrásetjurum
3. Bréf verður sent til þessarra skrásetjara samkvæmt upplýsingum í lánþegaskrá Gegnis.
  - i. Skrásetjarar mega andmæla því að heimildin verði afturkölluð á þeim grunni að viðkomandi hyggist skrá í náinni framtíð.
  - ii. Tveimur mánuðum eftir að bréfið er sent og engar athugasemdir borist mun heimildin verða tekin af viðkomandi.
4. Ef aðstæður breytast er hægt að sækja um endurnýjun réttinda til skráningarráðs Gegnis. Ráðið mun meta hvort forsendur séu fyrir því að endurnýja heimildina eða ekki og láta rökstuðning fylgja á hvorn veginn ákvörðunin er.

Samþykkt á fundi skráningarráðs 8. október 2025